

Borgarbyggð
Lulu Munk Andersen,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Borgarbraut 14
310 Borgarnes



Reykjavík, 18. ágúst 2014
Tilvísun: UST20140700104/ksj

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 - 2022. Þéttbýlisuppráttur Borgarnes - Brákarey.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Borgarbyggðar er barst 11. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 - 2022. Gert er ráð fyrir breytingum á landnotkun í Brákarey. Áfram er gert ráð fyrir hafnarsvæði, en afmörkun þess breytist. Áætluð blönduð byggð íbúðarsvæðis og verslunarsvæðis mun víkja fyrir áætlun um miðsvæði og athafnasvæði. Áætlað íbúðarsvæði í Brákarey víkur fyrir áætluðu athafnasvæði og tvær lóðir eru fyrir iðnaðarsvæði. Önnur lóðin er þegar deiliskipulögð fyrir hreinsistöð sem þar er, en einnig er iðnaðarlóð áætluð fyrir sláturhús.

Náttúruminjasvæði


Umhverfisstofnun bendir á að Brákarey og leirurnar umhverfis er einhver fegursti staðurinn við Borgarfjörð og eru á svæði nr. 212 í náttúruminjaskrá en um svæðið segir m.a.: "*Víðáttumikið grunnsævisvæði, leirur og fitjar með miklu fuglalífi. Utanverður Borgarfjörður hefur afar mikla þýðingu fyrir æðarfugl síðari hluta sumars.*" Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að hugað sé að möguleikum á úti vist og skoðunarferðum um svæði Brákareyjar og að metnaður verði sýndur í mannvirkjagerð á svæðinu. Einnig telur stofnunin mikilvægt að leitast verði við að finna léttum iðnaði stað á Brákarey, en að grófum iðnaði verði komið fyrir á öðrum iðnaðar- og athafnasvæðum innan sveitarfélagsins.


Áhrif breytingar á umhverfið

Í umfjöllun um áhrif ofangreindrar breytingar á umhverfið kemur fram að ekki er gert ráð fyrir að fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi í Brákarey muni hafa áhrif á náttúruminjasvæði Borgarfjarðar. Þar sem áætlað er að taka í notkun sláturhús á iðnaðarsvæði í Brákarey og einnig eru áætlanir um kjötvinnslu á svæðinu er mikilvægt að mati Umhverfisstofnunar að fram komi upplýsingar um hvernig farga eigi sláturúrgangi er fellur til á svæðinu. Skv. upplýsingum frá Borgarbyggð hefur skólphreinsistöð á lóð 14 ekki hafið rekstur, því telur stofnunin mikilvægt að fram komi hvernig fráveitu er háttáð sérstaklega frá áætluðu sláturhúsi, í ljósi þess að Brákarey er á svæði náttúruminjaskrá.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við ofangreindar breytingar á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 - 2022 í Brákarey.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

